

LÖG

**um breyting á lögum nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga,
með síðari breytingum (hreyfanleiki viðskiptavina).**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskráinnar
forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

14. gr. laganna verður svohljóðandi:

Nú vill vátryggingartaki segja upp vátryggingarsamningi þegar komið er að endurnýjun hans og verður hann þá að tilkynna félagini um það innan mánaðar frá því að það sendi venjulega tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils. Honum er þó ekki skyldt að tilkynna félagini um uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins.

Vátryggingartaki getur á vátryggingartíma sagt upp vátryggingarsamningi sem endurnýjast sjálfkrafa ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna, fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn eða til að flytja vátrygginguna til annars félags.

Hyggist vátryggingartaki segja vátryggingu upp vegna flutnings vátryggingar til annars félags, sbr. 2. mgr., skal tilkynna félagini um uppsögn með mánaðar fyrirvara og miðast uppsögn við næstu mánaðamót þar á eftir. Upplýsa skal til hvaða vátryggingafélags er flutt og frá hvaða tíma.

Sé um hópvátryggingu að ræða er heimilt að víkja frá ákvæði 2. mgr. í vátryggingarsamningi.

2. gr.

Við 17. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sé áhætta misjöfn á samningstímabili vátryggingar, og tekið er tillit til slíks við ákvörðun iðgjalds, má setja í skilmála að við útreikning á endurgreiðslu iðgjalds til vátryggingartaka skuli taka tillit til slíkra áhættusveiflna í uppgjöri.

Vátryggingafélagi er ekki heimilt að taka gjald vegna kostnaðar þess við það að vátryggingu er sagt upp á samningstímabili.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 75. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Vátryggingartaki getur á vátryggingartíma sagt upp gildandi samningi um slysa- eða sjúkratryggingu ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna, fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn eða til að flytja vátrygginguna til annars félags.

Nr. 15

26. febrúar 2015

b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Hyggist vátryggingartaki segja vátryggingu upp samkvæmt því sem greinir í 3. mgr. skal hann tilkynna féluginu um uppsögn með mánaðar fyrirvara og miðast uppsögn við næstu mánaðamót þar á eftir. Upplýsa skal til hvaða vátryggingafélags er flutt og frá hvaða tíma.

4. gr.

Við 1. mgr. 124. gr. laganna bætist: eða því hefur ekki borist tilkynning um vátryggingaratburð með öðrum hætti.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2015.

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 2015.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Einar K. Guðfinnsson. Markús Sigurbjörnsson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

A-deild – Útgáfud.: 27. febrúar 2015